

36 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Guðrúnar J. Briem“,
25. marz útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1954.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Guðrúnar J. Briem.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Guðrúnar J. Briem. Hann er eign Kvennaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigríði Briem Thorsteinsson, fyrrverandi kennara við kvennaskólann, til minningar um móður sína, sem átti sæti í skólanefnd kvennaskólans árin 1907 til 1943.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna þann nemanda eða nemendur kvennaskólans, sem skara fram úr í fatasaum. Verðlaunin skulu veitt nemanda eða nemendum í tveim efstu bekkjardeildum, sem fatasaumur er kenndur í.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —. Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstól, en auk þess þriðjung ársvaxta. Höfuðstól skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

5. gr.

Tveim þriðju hlutum ársvaxta skal varið til kaupa á verðlaunagrip eða verðlaunagripum. Verðlaunin skulu veitt í lok hvers skólaárs samkvæmt tillögum kennara í fatasaum, prófdómara og skólastjóra. Afhendir skólastjóri þau við skólauppsögn. Ef henta þykir, má afhenda peningafjárhæð ásamt verðlaunagripnum eða verðlaunagripunum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skólastjóri kvennaskólans hefur með höndum reikningshald og birtir reikninga í skólaskýrslum. Endurskoðun skal vera með sama hætti sem annarra sjóða undir stjórn skólastjóra kvennaskólans.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 24. marz 1954.

Sigríður Briem Thorsteinsson.